

Mánudaginn 17. apríl 1989.

Nr. 328/1987. **Gunnar Sigurjónsson**

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

gegn

Húsasmiðjunni hf.

(Kristinn Sigurjónsson hrl.).

Fölsun. Skjöl. Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson og Bjarni K. Bjarnason og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 19. nóvember 1987. Hann krefst sýknu af öllum kröfum stefndu og málskostnaðar úr hendi stefndu bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda samþykkir sýknukröfu áfrýjanda. Hún mótmælir hins vegar málskostnaðarkröfu áfrýjanda og krefst staðfestingar á málskostnaðarákvæði héraðsdóms. Þá krefst hún málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Með bréfi, dagsettu 18. nóvember 1987, til Rannsóknarlögreglu ríkisins krafðist lögmaður áfrýjanda opinberrar rannsóknar á vörúttekt þeirri, sem málið fjallar um. Rannsókn fór fram og hafa gögn um hana verið lögð fram í Hæstarétti. Samkvæmt þeim viðurkenndi tilgreindur maður að hafa tekið út umræddar vörur og notað þær til eigin þarfa. Þá viðurkenndi hann að hafa ritað nafn áfrýjanda undir hina svokölluðu „sjálfskuldarábyrgð á úttekt“ svo og reikninga þá, sem voru grundvöllur málshöfðunar stefndu. Maður þessi skýrði m.a. svo frá: „Ástæðan fyrir því, að ég notaði nafn Gunnars, var sú, að ég hafði leyfi hans til þess að nota nafn hans á reikningana. Ég hef sjálfur ekki lánstraust og því fékk ég leyfi Gunnars fyrir að nota hans nafn.“ Áfrýjandi staðhæfði fyrir rannsóknarlögreglunni, að það væri með öllu tilhæfulaust, að hann hefði veitt manni þessum leyfi til að nota nafn sitt til vörúttektar hjá stefndu.

Hér fyrir dómi hefur því verið lýst yfir af hálfu stefndu, að stefnda eigi engar kröfur á hendur áfrýjanda aðrar en málskostnað

fyrir Hæstarétti. Áfrýjanda hafi verið í lófa lagið að krefjast strax opinberrar rannsóknar, þegar hann var krafinn um greiðslu fyrir vöruúttektina. Það hafi hann ekki gert fyrr en búið var að kveða upp dóminn í héraði. Beri því að staðfesta málskostnaðarákvæði héraðsdóms og dæma áfrýjanda til að greiða stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, ber að taka kröfu áfrýjanda um sýknu til greina.

Áfrýjandi kveðst hafa tjáð lögmanni stefndu málavöxtu, þegar er honum barst innheimtubréf, og hafa gefið lögmanninum sýnis-horn af rithendi sinni. Fyrir bæjarþingi var því haldið fram, svo sem í hinum áfrýjaða dómi segir, að nafnritun áfrýjanda væri föls-uð á skjöl þau, sem kröfur stefndu voru byggðar á. Aðila- og vitna-leiðslur fóru fram og áfrýjandi ritaði nafn sitt í þingbók, sbr. 156. gr. laga nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði. Nafnritanirnar gáfu tilefni til grunsemda. Telja verður, eins og á stóð, að sönn-unarbyrðin um falsleysi umræddra skjala hafi hvílt á stefndu, sbr. 155. gr. laga nr. 85/1936. Ber því að dæma stefndu til að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir báðum dómum, og þykir hann hæfi-lega ákveðinn samtals 80.000,00 krónur.

D ó m s o r ð:

Áfrýjandi, Gunnar Sigurjónsson, á að vera sýkn af kröfum stefndu, Húsasmiðjunnar hf., í máli þessu.

Stefnda greiði áfrýjanda samtals 80.000,00 krónur í máls-kostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 20. október 1987.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 30. september sl., er höfðað hér fyrir þinginu með stefnu, birtri 12. febrúar 1987, af Húsasmiðjunni hf., nnr. 4451-5741, Súðarvogi 3, Reykjavík, gegn Gunnari Sigurjónssyni, nnr. 3385-8574, Þingholtsstræti 25, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefndi verði dæmdur til að greiða kr. 33.425,00 með 2,25% dráttarvöxtum á mánuði af kr. 31.685,00 frá 9. júní 1986 til 10. júní 1986, af kr. 32.674,00 frá þeim degi til 16. júní 1986, af kr. 33.425,00 frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað.

Stefndi krefst sýknu og málskostnaðar.

Stefnandi reisir kröfu sína á fjórum reikningum, sem hér greinir: nr. 125511, dags. 9. júní 1986, að fjárhæð kr. 15.416,00, nr. 125512, dags. sama dag, að fjárhæð kr. 16.269,00, nr. 125728, dags. 10. júní 1986, að fjárhæð kr. 989,00, og nr. 127120, dags. 16. júní 1986, að fjárhæð kr. 751,00. Reikningar þessir séu vegna vöruúttektar stefnda hjá stefnanda. Stefndi hafi hinn 9. júní 1986 fengið heimild stefnanda til að taka vörur út á reikning og það hafi hann gert og kvittað fyrir. Hann hafi ekki greitt reikningana þrátt fyrir innheimtutilraunir og því hafi mál þetta verið höfðað.

Stefnandi visar á bug öllum fullyrðingum stefnda hér fyrir dómi um að hann hafi ekki tekið út þessar vörur og að nafnritun hans hafi verið fölsuð. Stefndi verði að sanna fölsun og það hafi ekki tekist.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á aðildarskorti. Hann hafi hvorki fyrr né síðar átt viðskipti við stefnanda. Úttekt sú, sem stefnandi byggir á, hafi ekki verið á vegum stefnda. Nafnritun hans hafi verið fölsuð, eins og greinilega megi sjá með samanburði á rithandarsýnishorni stefnda sem lagt hafi verið fram í málinu. Reikningar stefnanda séu stílaðir á Gunnar Sigurjónsson, Kaplaskjólsvégi 37, Reykjavík, og sama heimilisfang sé á skjali því sem stefnandi hafi lagt fram og sagt, að sé gert hjá stefnanda, og eigi að vera með undirskrift stefnda. Á árunum 1980 og 1981 hafi stefndi búið að Kaplaskjólsvégi 37, en frá 1986 hafi hann búið að Þingholtsstræti 25. Sá sem hafi gefið upp nafn hans og nafnnúmer hjá stefnanda, hafi gefið upp þetta eldra heimilisfang. Ljóst megi sjá af rithendi þessa manns að hún sé allt önnur en stefnda sjálfs. Kvittað hafi verið á reikningana hjá stefnanda með „Gunnar S“, „G S“ og meira að segja „GBÁS“ á einum. Á það sé einnig bent, að samkvæmt upplýsingum gjaldkera stefnanda hafi maður þessi gefið upp nafn og nafnnúmer stefnda án þess að hann hafi verið beðinn um sannanir eða skilríki. Þetta sé slík óvarkárni að sönnunarbyrði leggist á stefnanda í máli þessu, að sanna að stefndi sé skuldarinn, en sú sönnun hafi ekki tekist. Opinber rannsókn af hálfu stefnda í máli þessu sé ekki nauðsynleg þegar sönnunarbyrðin snúist við. Stefndi hafi sjálfur farið á skrifstofu lögmanns stefnanda, þegar honum barst stefnan, og sýnt fram á, að rithönd sín sé allt önnur.

Niðurstaða.

Reikningar þeir, sem stefnandi stefnir stefnda fyrir, eru stílaðir á „Gunnar Sigurjónsson, Kaplaskjólsvégi 37, 107 Reykjavík“, og kvittaðir um móttöku. Stefndi þverneitar að hafa átt þessi viðskipti.

Stefndi kveðst hafa búið að Þingholtsstræti 25 árið 1986, þegar úttektirnar áttu sér stað, og hefur því ekki verið hnekkkt af stefnanda. Kröfubréf lögmanns stefnanda, dags. 4.11.1986, er sömuleiðis stílað á stefnda að Kaplaskjólsvégi 37. Stefna var hins vegar gefin út á stefnda á heimilisfangi

hans að Þingholtsstræti 25, Reykjavík, og birt fyrir honum sjálfum, og tók hann þegar til varna. Þetta bendir til að bréf stefnanda hafi ekki borist stefnda fyrr en honum var birt stefnan.

Stefndi hefur ekki farið fram á opinbera rannsókn á hinn ætluðu fölsun, heldur einungis lagt fram rithandarsýnishorn sitt og ritað nafn sitt hér í dómabók í þinghaldi. Ekki verður fallist á með stefnda að stefnandi beri sönnunarbyrði vegna vanrækslu í viðskiptum þeim sem stefnt er út af. Stefnda ber því að sanna að um fölsun sé að ræða og aðildarskort og verður ekki talið að það sé fullnægjandi leitt í ljós. Verður því að taka kröfur stefnanda til greina, en eftir öllum atvikum er rétt að dráttarvextir reiknist frá stefnubirtingardegi og að hvor aðila beri sinn málskostnað.

Garðar Gíslason borgardómari kvað upp dóminn.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Gunnar Sigurjónsson, greiði stefnanda, Húsasmiðjunni hf., kr. 33.425,00 með 2,25% dráttarvöxtum á mánuði frá 12. febrúar 1987 til greiðsludags að viðlagðri aðför að lögum.

Málskostnaður falli niður.
